

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um ÁTVR og stefnu stjórnvalda í áfengismálum.

1. *Hver er fjöldi áfengisverslana ríkisins miðað við höfðatölu í samanburði við önnur lönd þar sem stjórnvöld fara með einokun á smásölu áfengis, til að mynda Svíþjóð og Noreg?*

Ráðuneytið bendir á að fjallað er um hlutverk ÁTVR í lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, en þau heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. b-lið 10. tölul. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, sbr. og 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 8/2024. Ætti því að beina þessari spurningu til fjármála- og efnahagsráðherra.

2. *Hvernig samræmist fjölgun útsölustaða ÁTVR markmiðum stjórnvalda um að takmarka aðgengi að áfengi?*

Ráðuneytið bendir á ný á að fjármála- og efnahagsráðherra fer með forræði á málefnum ÁTVR. Ætti því að beina þessari spurningu til fjármála- og efnahagsráðherra.

3. *Hver er vegalengd á milli útsölustaða ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu og hvernig samræmist dreifing þeirra markmiðum stjórnvalda um að takmarka aðgengi að áfengi?*

Sjá svar við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

4. *Hefur mismunandi afgreiðslutími útsölustaða ÁTVR áhrif á neyslu áfengis?*

Sjá svar við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

5. *Hvernig er markmið stjórnvalda um að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi tryggt í Fríhöfninni þar sem fólk getur keypt áfengi við sjálfsafgreiðslukassa?*

Ráðuneytið bendir á að kveðið er á um skilyrði til sölu áfengis í Fríhöfninni í reglugerð um vörual og innkaup tollfrjálsa verslana á áfengi, nr. 1101/2022. Sú reglugerð sækir stoð í 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005, en þau heyra undir fjármála- og efnahagsráðherra. Þá er Fríhöfnin ehf. einkahlutafélag í 100% eigu Isavia ohf. en fjármála- og efnahagsráðherra fer með hlut ríkisins í Isavia. Þá skal á það bent að kveðið er á um að óheimilt sé að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngrí en 20 ára í áfengislögum, nr. 75/1998, en þau heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. 19. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, sbr. og 2. gr. forsetaúrskurðar nr. 8/2024. Ætti því að beina þessari spurningu til áðurnefndra ráðherra.

6. *Hvernig samræmist smökkunarborð Fríhafnarinnar með áfengi markmiðum stjórnvalda um að takmarka aðgengi að áfengi og vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengisdrykkju?*

Smökkunarborð Fríhafnarinnar samræmist ekki markmiðum í lýðheilsustefnu til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi 2021 þar sem slíkt fyrirkomulag eykur aðgengi að áfengi

en markmið lýðheilsustefnu er að vernda viðkvæma hópa, viðhalda og bæta heilbrigði fólks og koma í veg fyrir sjúkdóma. Stefnan leggur áherslu á að stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun, þar á meðal að takmarka aðgengi að áfengi til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisdrykkju. Að öðru leyti er vísað í svar við 5. tölul. fyrirspurnarinnar.